



Hveragerðisbær
Hildur Gunnarsdóttir
Breiðumörk 20
810 Hveragerði

Garðabær, 28.7.2025
Málsnúmer: 202506-0026
IAS

Efni: Fagrihvammur Hveragerði. Skipulagslýsing.

Vísað er til erindis Hveragerðisbæjar, dagsett 16. júní 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu fyrir Fagrahvamm í Hveragerði.

Sett er fram skipulagslýsing sem nær til nýs deiliskipulags í Fagrahvammi í Hveragerði, á landnotkunarsvæði AT3 í aðalskipulagi.

Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir metnaðarfullu íbúðasvæði í nálægð við margvíslega afþreyingu s.s. sundlaug, fjölbreyttum gönguleiðum, grænum svæðum og náttúru og munu vernduð tré á skipulagssvæðinu fá sitt rými sem og nokkur önnur glæsilega tré á svæðinu. Leitast verður við að skapa heilsteypt og hlýlegt hverfi með áherslu á vandaða byggingarlist í einstöku umhverfi. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir u.þ.b. 140 íbúðum sem samanstanda af blandaðri byggð fjölbýlis og sérbýlis.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Skipulagssvæðið nær inn á svæði 751 á C-hluta náttúruminjaskrár, Varmá og Ölfusforir. Þá er það á nútímahrauni og innan jarðhitasvæðis Hengilsins, en nútímahraun og hverir og aðrar heitar uppsprettur njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013). Svæðið er líka innan mikilvæga fuglasvæðisins Suðurlandsundirlendi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna á þessu stigi en beinir því til sveitarfélagsins að tekið verði tillit til náttúruminja sem kunna að vera innan svæðisins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur